

Hvernig á ég að sækja um nám í Háskóla Íslands

Lesið vel 😊

<p>Umsóknarfrestur 5. júní 2010 Umsóknarfrestur um grunnnám í Háskóla Íslands er til 5. júní 2010</p>	<p>Almennt inntökuskilyrði í HÍ er stúdentspróf eða sambærilegt próf frá erlendum skóla. Sumar deildir hafa til viðbótar ákvæði um lágmarkseiningafjölda í ákveðnum greinum. Sjá nánar kafla um inntökuskilyrði í kennslukrá HÍ 2010–2011 (kennsluskra.hi.is).</p>
<p>Rafrænt umsóknareyðublað er á vef HÍ á umsóknartíma sem er frá 1. mars til 5. júní</p>	<p>Eingöngu er tekið við rafrænum umsóknum. Áriðandi er að ganga frá skráningu í námskeið fyrir bæði haust- og vormisseri um leið og sótt er um. Umsækjendur geta fengið aðstoð við að fylla út og skila rafrænni umsókn á Þjónustuborði Háskólans Háskólatorgi. Þar er opið frá 8:30–18:00 alla virka daga.</p>
<p>Staðfest ljósrit/afrit Skila þarf staðfestu ljósriti/afriti af stúdentsprófsskírteini (blár stimpill skóla og undirskrift)</p>	<p>Skila þarf staðfestu ljósriti/afriti af öllu skírteininu sem er stimplað með bláum stimpli af skóla til Þjónustuborðs Háskólatorgi. Einnig má koma með frumrit til Þjónustuborðsins Háskólatorgi þar sem starfsfólk ljósritar það og staðfestir gegn 300 kr. gjaldi. Síðasti skiladagur stúdentsprófsskírteinis er 11. júní 2010.</p>
<p>Veflykill til að fylgjast með umsókn Þegar rafrænni umsókn er lokið fá umsækjendur veflykil í tölvupósti sem þarf að varðveita vel</p>	<p>Með veflyklinum má fara á síðuna nynemar.hi.is og fylgjast með framgangi umsóknarinnar. Veflykillinn er einungis notaður í umsóknarferlinu þar til aðgangi að innri vef HÍ, Uglu, hefur verið úthlutað. Ef veflykill glatast þarf umsækjandi að hafa sambandi við Nemendaskrá HÍ. Athugið að svar við umsókn er einungis rafrænt.</p>
<p>Undanþága frá stúdentsprófi Skilafrestur umsókna með undanþágu frá stúdentsprófi er til 5. júní 2010</p>	<p>Þeir sem ekki hafa lokið stúdentsprófi geta sótt um undanþágu frá formlegum inntökuskilyrðum. Umsóknum skal skila rafrænt fyrir 5. júní með sama hætti og öðrum umsóknum nýnema (sjá hér að ofan). Umsækjendur þurfa að senda eða koma með staðfest vottorð um nám og störf að loknu skyldunámi og önnur þau gögn sem þeir telja að stutt geti umsóknina fyrir 11. júní.</p>
<p>Eindagi greiðslu Eindagi greiðslu skrásetningargjalds er 10. júlí 2010</p>	<p>Greiðsluseðill skrásetningargjalds, 45.000 kr. fyrir háskólaárið 2010–2011, verður sendur á lögheimili þegar umsókn hefur verið samþykkt. Greiðsluseðillinn birtist í heimabanka og ber að greiða hann í síðasta lagi 10. júlí 2010. Eftir þann tíma geta umsækjendur greitt skrásetningargjaldið með 15% álagi, til og með 10. ágúst, skv. 49 gr. reglna fyrir HÍ, nr. 569/2009. Skrásetningargjald er ekki endurgreitt, hætti stúdent námi.</p>
<p>Ugla: notandanafn og lykilorð Notandanafn og lykilorð fyrir Uglu, innri vef Háskóla Íslands</p>	<p>Þegar skrásetningargjald hefur verið greitt er veflykillinn notaður til að sækja notandanafn og lykilorð á síðunni nynemar.hi.is. Eftir að því er lokið geta nemendur nýtt sér Ugluna. Þar geta þeir m.a. skoðað kennsluvefi námskeiða, séð stundatöflu sína og námsferil.</p>
<p>Endurskoðun skráningar Endurskoðun skráningar í námskeið til 10. september 2010</p>	<p>Eftir að staðfesting um skólavist liggur fyrir geta nemendur endurskoðað námskeiðaskráningar sínar frá upphafi kennslu og til 10. september 2010 fyrir haustmisseri og aftur fyrir vormisseri frá því að kennsla hefst til 21. janúar 2011. Endurskoðun námskeiðaskráninga fer fram í Uglu.</p>



Mikilvægar dagsetningar á kennslualmanaki Háskóla Íslands

Haustmisseri 2010

16. ágúst–1. sept. Kennsla haustmisseris hefst (misjafnt eftir deildum)
10. sept. Síðasti dagur til að endurskoða námskeiðaskráningar á haustmisseri 2010
- 1. okt. Síðasti dagur til að skrá sig úr námskeiðum/prófum í Uglu**
19. des.–4. jan. Jólaleyfi (báðir dagar meðtaldir)

Vormisseri 2011

- 5.–13. jan. Kennsla vormisseris hefst (misjafnt eftir deildum)
21. jan. Síðasti dagur til að endurskoða námskeiðaskráningar á vormisseri 2011
- 1. feb. Síðasti dagur til að skrá sig úr námskeiðum/prófum í Uglu**
- 21.–25. mars Árleg skráning í námskeið á haust- og vormisseri 2011-2012
20. apríl–26. apríl Páskaleyfi (báðir dagar meðtaldir)

Dagsetningar eru birtar með fyrirvara um breytingar.
Nemendum er bent á að fylgjast vel með dagatali í Uglu.

Kennslusvið H.Í.

Nemendaskrá
Háskólatorgi, 3ju hæð

Sími 525 4309
Bréfasími 525 4317

Netfang nemskra@hi.is